

Dagur leikskólans 6. febrúar 2019

Frá : Klara E. Finnbogadóttir <klara.e.finnbogadottir@samband.is>
Heiti : Dagur leikskólans 6. febrúar 2019
Málsnúmer : 1901031
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 10.01.2019 11:10:26
Höfundur : Klara E. Finnbogadóttir <klara.e.finnbogadottir@samband.is>

Viðhengi [image001.gif](#)[image001.gif](#)

Dagur leikskólans 6. febrúar 2019

Miðvikudaginn 6. febrúar nk. verður dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins í 12. sinn, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Leikskólar landsins hafa á undanförunum árum haldið upp á dag leikskólans með margbreytilegum hætti og þannig stuðlað að jákvæðri umræðu um leikskólastarfið.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra.

Í tilefni dagsins verður viðurkenningin Orðsporið veitt í sjöunda sinn. Orðsporið eru hvatningarverðlaun sem veitt eru þeim sem þykja hafa skarað fram úr í því að efla orðspor leikskólastarfs í landinu og hafa unnið ötullega í þágu leikskóla og leikskólabarna.

Blásið verður til samkeppni meðal leikskólabarna í tilefni Dags leikskólans. Verkefnið er að yrkja á íslensku, á hvaða formi sem er (s.s. ljóð, vísur, sögur), og eru efnistöð frjáls. Veitt verða þrenn verðlaun fyrir bestu textana. Skilafrestur er til 18. janúar nk. Sjá nánar á vef KÍ: <http://ki.is/rss/5097-ad-yrkja-a-islensku-samkeppni-i-tilefni-dags-leikskolans>

Sveitarstjórnarfolk er hvatt til að halda Degi leikskólans á lofti og fylgjast vel með starfsemi leikskólanna þennan dag.

Dagur leikskólans 2019 er með myllumerkið #dagurleikskolans2019.

Látum dag leikskólans verða okkur hvatning til að kynna okkur það mikilvæga starf sem þar fer fram.

Bestu kveðjur, Klara



Klara E. Finnbogadóttir

sérfræðingur

Beint innval: 51 54 924

Netfang: klara.e.finnbogadottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 51 54 900 // Fax: 51 54 903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.